

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kristín Ósk Matthíasdóttir Vatnsfjörður



Dags eftirlits	31.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Kristín Ósk Matthíasdóttir	Eftirlitsmaður	Gunnhildur Sif Oddsdóttir
Heimili	Þverá, Barðaströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	220187-2849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Ósk Matthíasdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Viðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti sem varðar rekstrarvörn við olíutank en engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldi á landi en umsókn um allt að 20 tonna starfsleyfi hefur borist Umhverfisstofnun.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning
- Endurskoðun áhættumats til tíðni eftirlits

Rekstraraðili hefur sent inn fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi til umhverfisstofnunar og var farið yfir kröfur sem búast má við að verði í nýju starfsleyfi.

Farið var yfir þær áætlanir sem rekstraraðili þarf að fylgja s.s. viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og tryggingar vegna bráðamengunar sem rekstraraðili þarf að hafa.

Farið var yfir hvernig geyma á hættuleg efni og kom fram að engin hættuleg efni eða lyf eru notuð í eldinu, eingöngu sápa frá Tandri.

Gengið var um svæðið og settjörn og frárennsli skoðað, ekki var að sjá að neinn fiskur væri í settjörnninni og frárennslið var tært og ekki neina mengun úr frárennsli að sjá. Við skoðun á fiskeldiskerjum og fódurkerfi var ekki neitt athugavert að sjá.

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp orðið frá síðasta eftirliti.

Frávik frá

Lýsing á frávik

25. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnir árekstrarvörnum. Ekki er árekstrarvörn við olíugeymi á svæðinu.

ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.06.2023

Sigr. Keistinsd

Sigríður Kristinsdóttir

